

**Skýrsla  
um starfsemi  
Byggðasafns Árnesinga og  
Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka  
árið 2006**



<b>Forsíða</b>	<b>0</b>
<b>Efnisyfirlit</b>	<b>1</b>
<b>Formáli</b>	<b>2</b>
<b>Stofnskrár, samþykktir og áætlanir</b>	<b>2</b>
<b>Stjórn</b>	<b>2</b>
<b>Starfsfólk</b>	<b>3</b>
<b>Opnunartími</b>	<b>3</b>
<b>Gestafjöldi 2006</b>	<b>3</b>
<b>Húsnaði</b>	<b>4</b>
<b>Skráningarkerfi og staða skráningar</b>	<b>5</b>
<b>Safnkostur og aðföng 2006</b>	<b>5</b>
<b>Varðveisla</b>	<b>6</b>
<b>Rannsóknir</b>	<b>6</b>
<b>Fornleifarannsóknir</b>	<b>8</b>
<b>Sýningar og önnur miðlun</b>	<b>10</b>
<b>Sjóminjasafnið á Eyrarbakka</b>	<b>12</b>
<b>Rjómabúið á Baugsstöðum</b>	<b>14</b>
<b>Bátasetur í Þorlákshöfn</b>	<b>14</b>
<b>Samskipti við önnur söfn, setur og sýningar</b>	<b>14</b>
<b>Fundir, námskeið og ráðstefnur</b>	<b>15</b>
<b>Kynningarmál</b>	<b>16</b>
<b>Helstu tölur úr ársreikningi 2006</b>	<b>16</b>
<b>Annual Report 2006 (Abstract)</b>	<b>18</b>

## **Formáli**

Byggðasafn Árnesinga og Sjóminjasafnið á Eyrarbakka voru rekin með hefbendum hætti árið 2006. Þau voru opin á auglýstum tímum og eftir samkomulagi allt árið. Gífurlegur fjöldi kom í söfnin á menningarhátiðinni Vor í Árborg en á öðrum tímum var aðsóknin í meðallagi. Við söfnin fór fram töluverð vinna við skráningu. Sýningahald var með hefðbundum hætti en fjöldi sérsýninga varð fimm. Áfram var haldið við fornleifaskráningu og fornleifarannsóknir við safnið.



## **Stofnskrár, samþykktir og áætlanir sem söfnin starfa eftir**

Byggðasafn Árnesinga starfar eftir stofnskrá samþykktri af eiganda safnsins Héraðsnefnd Árnesinga. Safnið starfar eftir heildarstefnu er varðar söfnun, varðveislu og miðlun. Safnið starfar eftir öllum sjö atriðum sem nefnd eru í 10. grein Safnalaga nr. 2001/106 og eftir 3., 4. og 5. grein Þjóðminjalaga nr. 2001/107. Safnið starfar eftir starfs— og rekstraráætlun sem samþykkt er af stjórn og héraðsnefnd fyrir hvert ár. Stjórn safnsins starfar eftir erindisbréfi stjórnar og safnstjóri eftir starflslýsingu safnstjóra. Safnstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri safnsins og ræður annað starfsfólk í samræmi við rekstrar- og starfsáætlanir.

Byggðasafn Árnesinga heldur úti grunnsýningu í Húsinu á Eyrarbakka. Í gildi er þjónustusamningur milli Byggðasafns Árnesinga og Sveitarfélagsins Árborgar um rekstur Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka og Þuriðarbúðar á Stokkseyri. Til er sérstök stofnskrá og söfnunarstefna fyrir Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

Byggðasafn Árnesinga er eignaraðili að Rjómabúinu á Baugsstöðum. Við safnið er náttúruminjasafn sem miðlað hefur verið til sýninga í skólum og við önnur sýningasetur í héraðinu, sem og á grunnsýningar safnsins. Frá 2004 hefur verið unnið að fornleifarannsóknum við safnið, einkum fyrir sveitarfélög héraðsins.

## **Stjórn**

Stjórn Byggðasafns Árnesinga er tilnefnd til eins árs í senn af eiganda safnsins Héraðsnefnd Árnesinga.

Í byrjun ársins og fram yfir kosningar til sveitarstjórnar voru í stjórn Sigurgeir Hilmar Friðþjófsson, stjórnarformaður, Stokkseyri, Sigurður Steindórsson, varaformaður, Eyrarbakka sem báðir komu inn í stjórn haustið 1998 og Helga Teitsdóttir, ritari, Högnastöðum II, Hrunamannahreppi sem kom inn í stjórn Byggða- og listasafns Árnesinga árið 1991.

Eftir fund Héraðsnefndar Árnesinga í júlí breyttist stjórnin töluvert. Áfram í stjórn var Sigurður Steindórsson en nú sem ritari. Sigurgeir Hilmar og Helga fóru úr stjórninni. Nýr stjórnarformaður er Eva Marín Hlynsdóttir, Hrafnkelssöðum II, Hrunamannahreppi og nýr varaformaður er Guðmundur Þór Guðjónsson, Hveragerði. Með tilkomu nýrrar stjórnar tók gildi sérstakt erindisbréf þar sem kveður á um hlutverk og skyldur stjórnarmanna.

Stjórnarfundir urðu fjórir á árinu.

## **Starfsfólk**

Lýður Pálsson, sagnfræðingur BA, safnstjóri í 100% stöðu, hóf störf við safnið 1. júní 1992. Hann starfar eftir starfslýsingu safnstjóra, ber ábyrgð á daglegum rekstri safnsins og fjárreiðum, er talsmaður safnsins, skipuleggur starfsemina og ber ábyrgð á ráðningu annars starfsfólks. Ráðningarsamningur safnstjóra gildir til fimm ára og var hann á árinu endurnýjaður frá og með 1. maí 2006, til og með 30. apríl 2011.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir fornleifafræðingur BA, hóf störf í sumarbyjun 2000 og vann þá við safngæslu í Húsinu og síðar í almennum störfum. Í hlutastöðu 2000 til 2005 en 100% stöðu frá ársbyrjun 2006. Ráðinn í fornleifaskráningu vorið 2004 og er nú eini fastráðni starfsmaður fornleifadeilda safnsins.

Edda Linn Rise fornleifafræðingur BA, hefur starfað við fornleifaskráningu frá 2004 en sumarið áður vann hún í safngæslu í Húsinu. Um sumarið vann hún samhliða við fornleifaskráningu og safngæslu í Húsinu. Fór í fæðingarorlof í nóvember.

Kristín Erla Þráinsdóttir fornleifafræðingur BA í 100% starfi til 31. júlí 2006.  
Hóf störf 1. júní 2005.

Jensína Jensdóttir vann að skráningu í gagnagrunninn Sarp, í 50% stöðu til 30. maí 2006. Eftir það hlutastarf við safngæslu í Húsinu. Jensína hefur frá 2003 starfað með stuttum hléum að skráningu.

Margrét, Edda Linn, Kristín Erla og Jensína aðstoðu safnstjóra við fagleg störf þegar þörf var á.

Agnes Karlsdóttir vann í hlutastarfi við safngæslu í Sjóminjasafninu.

Hörður Jóhannsson vann í hlutastarfi við safngæslu í Sjóminjasafninu og í afleysingum í Húsinu.

Einnig voru á launaskrá tímabundið þau Nanna Bára Mariásdóttir og Guðríður B. Kristinsdóttir.

Ræstitæknar eru Sigurrós María Guðmundsdóttir og Agnes Karlsdóttir.

Guðjón Guðmundsson rafvirki er einnig á launaskrá vegna öryggismála.



## **Opnunartími**

Opnunartími Byggðasafns Árnesinga í Húsinu og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka var með eftirfarandi hætti árið 2006:

Júní, júlí og ágúst alla daga vikunnar kl. 11-17 og eftir samkomulagi aðra tíma sólarhrings.

Apríl, maí, september og október var opið á laugardögum og sunnudögum kl. 14-17 og eftir samkomulagi á öðrum tínum. Einnig var opið á skírdegi, föstudaginn langa, annan í páskum og fyrsta sunnudag í desember kl. 14-17.

Jafnframt var opnað fyrir fjölmörgum skólum og hópum á öðrum tínum.

## **Gestafjöldi**

Fjöldi gesta í Húsið árið 2006 varð 4950. Mjög góð aðsókn var að menningarhátíðinni vor í Árborg og sömuleiðis sóttu margir söfnin á Jónsmessuhátiðinni á Eyrarbakka og á Íslenska safnadaginn. Hinsvegar dalaði hin daglega aðsókn að söfnunum. Pað var ekki fyrr en með kynningarátaki að

úr fór að rætast. Sem áður er stór hluti gestafjöldans yfir sumarið erlendir gestir á eigin vegum en einnig í skipulögðum ferðamannahópum. Enn sem fyrr opnar safnstjóri safnið utan auglýsts opnunartíma fyrir hópa, stóra sem smáa. Um 75% þeirra sem koma í Húsið skoða einnig Sjóminjasafnið.

Sérgestir sem komu einungis í Sjóminjasafnið voru um 300 talsins, einkum skólahópar.

Í þjónustuhúsi Byggðasafns Árnesinga að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka skrifuðu um 240 manns í gestabók.

## Húsnæði

**Sýningaraðstaða.** Byggðasafns Árnesinga er sem áður í hinni merku 18. aldar byggingu, Húsiniu á Eyrarbakka, sem er 240 fm að stærð. Til hliðar við Húsið er Assistantahúsið ásamt millibyggingu, alls 90 fm rými. Norðan

Assistantahússins er lítil rauðleit einnar hæðar bygging, Eggjaskúrinn, 31 fermetri að stærð.

Sýningarrymi Sjóminjasafnsins er um 150 fm að gólfleiti. Sýningarymi safnanna er því alls 510 fm. Öryggiskerfi er í safnhúsunum beintengd við vaktþjónustur. Ótalin eru útihús Hússins, hjallur, kolageymsla, fjós, alls 95 fm að grunnfleti og hlöðuveggir sem enn bíða stofnviðgerðar af hálfu Þjóðminjasafns Íslands samkvæmt samningi frá 1992 þar um. Til Sjóminjasafnsins heyrir að auki Beitningaskúrinn sem er 50 fm að stærð og verður opnaður til sýningahalds er fjármagn fæst til að setja þar upp sýningu um sögu vélbaúatíðgerðar á Eyrarbakka.

**Viðgerðir og viðhald 2006.** Á árinu var borið á þau gólf Hússins sem mest hefur mætt á frá því það var opnað almenningi til sýnis. Var um að ræða umfangsmikla framkvæmd sem Hördur Lúðvíksson málarameistari vann.

Úttekt var gerð á hitakerfi Hússins á árinu, auk þess sem sérfræðingur á vegum Brunavarma Árnессýslu yfirför vatnsúðunarkerfi Hússins. Í árslok hófst vinna við að setja öryggisfilmur á glugga Assistantahússins, Eggjaskúrins og Hússins og verður því verki haldið áfram á árinu 2007.

EKKI þótti þörf að mála eða tjarga utanhúss á þessu ári og er það í fyrsta sinn í 12 ár sem slíkt gerist.

**Innri aðstaða safnanna.** Sú aðstaða safna sem ekki er sýnileg gestum er af safnafólki venjulega nefnd „innri aðstaða“. Innri aðstöðu má nefna rými eins og geymslur, verkstæði og skrifstofur. Innri aðstaða safnanna á Eyrarbakka er á tveimur stöðum, í þjónustuhúsi að Hafnarbrú 3 og Mundakotsskemmu. Þjónustuhús safnsins að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka hýsir aðalgeymslur safnsins og þar er jafnframt aðstaða til skráningar, forvörslu og viðgerða á smærri gripum safnsins. Skrifstofa safnstjóra og öll aðstaða til rannsókna er jafnframt í þjónustuhúsinu þar sem tiltæk eru helstu handbækur og fræðirit. Öryggiskerfi er í húsini beintengt við vaktþjónustu. Þjónustuhús



Ljósmynd þessi var afrituð af hinum vinsæla vef [en.wikipedia.org](http://en.wikipedia.org) þar sem óuppgerd útihúsin og hlöðutóftin eru í aðalhlutverki.



Byggðasafns Árnesinga er því næst viðhaldsfrítt. Þó reyndist nauðsyn á að kalla þangað bæði rafvirkja og pípulagningamann á árinu vegna slæmrar endingar á útiljósum annarsvegar og vegna óhreininda í vatnsveitulögnum. Mundakotsskemma er aðstaða sem Sjóminjasafnið á Eyrarbakka eignaðist um 1990. Þar eru varðveisittir stærri gripir safnanna.

Viðhald húseigna Sjóminjasafnsins er í höndum eignasviðs Sveitarfélagsins Árborgar. Þar voru lögð drög að nýrri útihurð fyrir Sjóminjasafnið og einnig var keypt forhitarkerfi fyrir miðstöðvarkerfi safnsins sem bæði eykur öryggi vegna hugsanlegs leka á ofnakerfi og býður jafnframt upp á jafnara hitastig í sýningasal.

### Skráningarkerfi og staða skráningar

Á árinu lauk Jensína Jendsdóttir við að yfirfæra safnskrár safnanna úr lokuðum og heimasmíðuðum FileMakerPro-skrám yfir í Sarp sem er miðlægur gagnagrunnur rekinn af rekstrarfélagi í eigu Íþjóðminjasafns Íslands og fleiri safna. Eru nú allir safngripir og allar ljósmyndir Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka komin í Sarp.

Safnstjóri sótti í mars fund á vegum rekstrarfélagsins um frekari þróun gagnagrunnsins. Stefnt er að gera Sarp aðgengilegan á veraldarvefnum en langt er þó í land með að svo verði.



### Safnkostur og aðföng 2006

Skráðir voru 69 nýir safnmunir við söfnin á árinu 2006 og 132 ljósmyndir voru skráðar eða gerðar tilbúnar til skráningar í Sarp.

Í árslok 2006 voru í munaskrá Sarps 5263 safnmunir frá Byggðasafni Árnesinga og Sjóminjasafninu á Eyrarbakka.

Í árslok 2006 voru í myndaskrá Sarps 5406 ljósmyndir frá Sjóminjasafninu á Eyrarbakka og Byggðasafni Árnesinga.

Í fornleifaskrá Sarps voru komnar 865 minjar skráðar hjá Byggðasafni Árnesinga.

Safnað er eftir virkri söfnunarstefna sem endurskoðuð verður árið 2007 í samræmi við stofnskrá safnsins.

Meðal merkra gripa sem bárust safninu má nefna stílabók úr Húsinu á Eyrarbakka, sennilega úr fórum vinnukonu þar um 1908. Gefandi dánarbú Guðmundar Benediktssonar ráðuneytisstjóra. Í bókinni má finna ljósmyndir og kvæði gesta sem heimsóttu Húsið á árunum 1908 til 1910. Jóhann Jóhannesson í Dísubæ, gaf safninu eintak af Morgunblaðinu 1. tbl. 1. árg. 1913. Og Drífa Pálsdóttir gaf einkennis- og hátiðarbúning föður síns Páls Hallgrímssonar sýslumanns sem lést á árinu.

Aðrir gefendur gripa á árinu voru Gunnar I. Olsen, Auðbjörg Guðmundsdóttir, María Guðný Aradóttir, Axel Gíslason, Guðrún og Kristín Þórarinsdætur, Kristín Erla Þráinsdóttir, Gísli J. Nielsen, Þorsteinn Kristjánsson, Jón Karlsson, Gunnar Sigurgeirsson, Gísli Kristjánsson, Erlingur Brynjólfsson, dánarbú Lýðs Pálssonar bónða í Hlíð, Þorsteinn Kristjánsson, Joakim Tryggvi Andrésson, Sigurgeir Hilmar Friðþjófsson og Sjöfn Har.

## Varðveisla

Mikill tími í starfi safnstjóra fór í skráningu og margvíslega umsýslu safnmuna og ljósmynda sem á máli safnamanna kallast forvarsла, bæði á nýjum aðföngum og sömuleiðis á gripum í geymslum og í sýningarsölum. Byggðasafn Árnesinga og Sjóminjasafnið á Eyrarbakka fengu bæði styrki frá Safnasjóði til fyrirbyggjandi forvörsli í sýningarsölum safnanna. Tilgangur styrksins var fyrst og fremst sá að finna leiðir til að draga úr raka og hitasveiflum og þar af leiðandi úr eyðileggingarmætti umhverfisins á endingu safnmuna. Í bæði Sjóminjasafninu og Húsinu voru gerðar aðgerðir á hitakerfi húsanna og þau endurbætt og jafnframt voru í árslok lögð lokadrög að því að setja öryggisfilmur í glugga Assistentahússins. Tilgangur öryggisfilmna er margþættur. Þær draga úr áhrifum UF- og IF-geisla á safngripi, þ.e. draga úr upplitun sólarljóss á safngripi. Filmurnar draga úr hitasveiflum, bæði dempa hita yfir sumartímann og veita einangrun yfir vetrartímann. Filman er einnig til öryggis þar sem hún heldur glerinu saman ef það brotnar. Verður minni hætta á að glerbrot og glerflísar skaði fólk og safnmuni við rúðubrot.

Í geymslum safnsins er góð aðstaða til varðveislu safnmuna. Þar er hita- og rakastig stöðugt og gluggar allir byrgðir sólarljósi. Síritamælar eru á tveimur stöðum í húsakynnum safnanna og mælt viku í senn á mismunandi stöðum. Í öllum húsunum, að undanskilinni Mundakotsskemmu, Beitningaskúrnum og útihúsunum, eru öryggiskerfi og í Húsinu og Assistentahúsinu vatnsúðunarkerfi að auki.

Á tveggja ára fresti er haldin brunaæfing meðal starfsmanna safnanna á Eyrarbakka. Kemur þá fulltrúi frá Brunavörnum Ánessýslu og leiðbeinir um notkun slökkvitækja.


## Rannsóknir

Rannsóknir sem safnið stendur fyrir eru fyrst og fremst á safnkosti þess, safnmunum og ljósmyndum auk rannsókna á umhverfi því sem tengist safnkosti. Frá 2004 hafa jafnframt verið stundaðar fornleifarannsóknir við safnið og er um þær fjallað í sérstökum kafla.

Við nýskráningu safnmuna eru rannsóknir hluti af skráningarferlinu. Kanna þarf uppruna gripana, aldur, uppruna og feril notenda og skrá með nákvæmum hætti nöfn gefenda. Í mörgum tilvikum þarf að kafa djúpt í heimildir eftir upplýsingum um gefendur, notendur og annað er tengist uppruna safnmuna.

Safnið safnar skipulega upplýsingum um þá sem alið hafa önn sína hér í heraði og haft áhrif á samtíð sína. Um er að ræða þrennskonar söfnun, söfnun upplýsinga úr blöðum og tímaritum, söfnun upplýsinga með viðtölum af hálfu starfsmanna safnsins og söfnun upplýsinga frá þriðja aðila. Mikil breyting hefur orðið á safnmuna- og

ljósmyndaskráningu á einum áratug. Nú er auðveldra að sækja upplýsingar á veraldarvefni á vefi eins og [www.islandingabok.is](http://www.islandingabok.is), í þjóðskrána sem er aðgengileg á



Elsta ljósmyndin sem vitað er um af Húsinu á Eyrarbakka. Hún er tekin fyrir 1865, ádur en fyrsta stóra viðgerðin var gerð á Húsinu. Ljósm óþ.

netinu, í gagnavefi Morgunblaðsins sem og heimasíðuna [www.timarit.is](http://www.timarit.is) þar sem finna má flestöll tímarit og blöð frá upphafi 19. aldar og fram á miðja 20. öld. Fleiri upplýsingaveitir eru til á netinu sem nýtilegar eru til skráningar. Húsið á Eyrarbakka hefur verið eitt helsta rannsóknarefni Byggðasafns Árnesinga frá því ákvörðun var tekin um flutning safnsins í Húsið. Mörg viðtölin hefur safnstjóri tekið vegna sögu Hússins og fólksins sem þar hefur búið og er alltaf að safnast í sarpinn. Minnismiðar eftir óformleg samtöl telja líka tugum. Öllum þessum gögnum er safnað skipulega og eru til drög að skrá yfir heimildir um Húsið á Eyrarbakka. Afrakstur rannsókna þessa má finna í handriti safnstjóra að Sögu Hússins, á heimasíðu safnsins, grunnsýningu safnsins um Húsið og í kynningarefni safnsins. Á árinu var kastljósini beint að Christjan D. Petersen sem keypti Eyrarbakkaverslun árið 1787 af Danakonungi fyrir of hátt verð. Í kjölfarið setti sölunefnd konungseigna Petersen kaupmann í stofufangelsi á Jótlandi þar sem menn töldu hann ætla að flýja til Pýskalands undan skuldum sínum. Tókst honum um síðir að semja um skuldir sínar og kom aftur til Íslands. Petersen og afkomendur hans voru síðan í two ættliði viðloðandi Húsið, Kristján Petersen sem faktor hjá Lambertsen kaupmanni og í Húsinu fæddist allþekktur sonur Kr. Petersens, Adolf Petersen sem ólst upp í Húsinu til 18 ára aldurs, keypti þá Steinskot á Eyrarbakka og síðar hálfa Stokkseyrarjörðina. Hann var hreppstjóri Stokkseyrarhrepps um langa hríð og hafði mikil áhrif á samtíð sína. Afkomendur Adolfs Petersens eru áberandi víðsvegar í þjóðfélaginu.

Þann 16. febrúar gaf Byggðasafn Árnesinga út í mjög takmörkuðu upplagi fyrsta hlutann af sjálfsævisögu Hans B. Thorgrímsen sem fæddur var í Húsinu 1853 en gerðist einn af frumbyggjum í Vesturheimi í upphafi Vesturheimsferða Íslendinga upp úr 1870.

Með sama hætti gaf safnið út ljósrit af *100 réttum matar Guðmundu Nielsen kaupkonu í Miklagarði (1885-1936)*.

Snemma ársins vann safnstjóri að úttekt á öllum reislum safnsins, ljósmyndaði þær, mældi og endurbætti lýsingu í aðfangaskrá. Í ljós kom að fjöldi þeirra var 23, af þeim eru átta heimasmíðaðar af hagleiksmönnum ýmsum innan sýslunnar. Reisla nr. 24 bættist svo í safnið á árinu.


Í maí var Húsalýsingabók Eiríks Gíslasonar smiðs í Gunnarshólma á Eyrarbakka ljósmynduð með stafrænum hætti og prentuð út til að hlífa frumeintakinu. Áætlunin er að koma bókinni á aðgengilegt form almenningi, annaðhvort með vefrænum hætti eða með útgáfu á þrykk. Í september voru skannaðar og rannsakaðar um 130 ljósmyndir úr fórum Þórlaugar Bjarnadóttur ljósmóður á Eyrarbakka. Er þeim rannsóknnum ekki lokið en afrit af myndunum voru sendar Safnahúsi Suður-Pingeyinga á Húsavík til frekari greiningar. Var Þórlaug fædd í Aðaldal í Suður-Ping.

Fleiri rannsóknir voru gerðar á safnkosti safnsins og var yfirleitt um að ræða rannsóknir í tengslum við fyrirspurnir fræðimanna, sem og ítarannsóknir í tengslum við skráningu í Sarp. Við þessar rannsóknir hefur gildi hins miðlæga gagnagrunns Sarps komið í ljós.

Ótaldar eru rannsóknir sem gerðar eru í tengslum við frumrannsóknir vegna skráningar á nýjum aðföngum til að afla upplýsinga um fortíð þeirra. Með sama hætti hafa ýmsir gripir sem áður hafa komið á safnið verið aldursgreindir.



Hans B. Thorgrímsen (1853-1942).  
Ljós. óþ.



Ljósmynd úr fórum Þórlaugar Bjarnadóttur. Á myndinni eru Guðmundur Jónsson á Háeyrarvöllum á Eyrarbakka og barnabarnið Pálína Pálsdóttir f. 1927.

Enn má nefna rannsóknir sem gerðar voru í tengslum við sýningagerð.

Einkum var að ræða rannsóknir á sögu Hússins eins og áður segir.

Í nóvember dró safnstjóri upp húsaskrá Húsakönnunar á Stokkseyri og yfirlórðuð hana og tók nýjar ljósmyndir af húsunum sem eru í skránni. Húsaskráin var unnin á árunum 1999 til 2000 en hefur legið hjá safnstjóra síðan. Brýn nauðsyn er á að fara að ljúka þessu verkefni sem hófst með mikilli frumrannsóknarvinnu og útgáfu ljósrits með fyrstu niðurstöðum. Ólokið er útgáfa á endarlegum niðurstöðum.

## Fornleifaskráning – fornleifadeild

Frá 2004 hefur verið starfað að fornleifaskráningu og fornleifarannsóknum við Byggðasafn Árnesinga. Upphaf þessa þáttar í starfsemi safnsins má rekja til óskar Sveitarfélagsins Árborgar um að safnið hefði umsjón með fornleifaskráningu í tengslum við aðalskipulagsgerð. Unnið hefur verið eftir þjóðminjalögum og skipulagslögum. Byggðasafn Skagfirðinga veitti í upphafi leiðsögn og þjálfaði fornleifafræðinema til starfa í upphafi þessar starfsemi en með vaxandi reynslu og útskrift hefur sjálfstæði og áraði starfsmanna aukist. Byggðasafn Skagfirðinga og Náttúrustofa Vestfjarða hafa verið helstu samstarfsaðilar safnsins á þessum vettvangi. Ráðgjöf hefur jafnframt oft verið sótt til Fornleifaverndar ríkisins.

Engar formlegar samþykktir hafa verið gerðar um tilvist fornleifadeilda Byggðasafns Árnesinga en um þennan nýja lið í starfsemi safnsins hefur oft verið fjallað á fundum stjórnar safnsins og Héraðsnefndar Árnesinga. Á vorfundi héraðsnefndar taldi nefndin eðlilegt að starfsemi þessi væri til staðar í héraðinu. Þessi starfsemi hefur dafnað með ágætum og sinnir fornleifaskráningu og skyldum verkefnum á sviði fornleifarannsókna.

Frá 2005 hefur þessi starfsemi verið afmörkuð í bókhaldi safnsins og því eðlilegt að tala um fornleifadeild Byggðasafns Árnesinga þrátt fyrir að formlega hafi hún ekki enn verið stofnuð.

Á árinu 2006 starfaði við deildina allt árið Margrétt

Hallmundsdóttir sem útskrifaðist sem BA í fornleifafræði frá Háskóla Íslands í júní. Frá ársbyrjun til 10. nóvember starfaði Edda Linn Rise við deildina og frá ársbyrjun til júlíloka Kristín Erla Práinsdóttir. Um tíma vann Guðrún Práinsdóttir háskólanemi að fornleifaskráningu í tengslum við nám sitt í fornleifafræði.

Aðalverkefni fornleifadeilda Byggðasafns Árnesinga árið 2006 var aðalskráning fornleifa í Sveitarféluginu Árborg. Ýmis önnur verkefni komu á borð starfsmanna og í nokkur skipti fengu starfsmenn launalaus leyfi til að vinna að björgunaruppgreftri fyrir aðra. Starfsmenn deildarinnar tóku þátt í ráðstefnum og námskeiðum í tengslum fag sitt og starfsvið.

Eftirtalin verkefni voru unnin af fornleifadeild árið 2006:

**Fornleifaskráning í Árborg.** Lokið var við skráningu á Stokkseyri, í Hraunshverfinu austan Eyrarbakka og jörðinni Einarshöfn.

Fornleifaskráning á Eyrarbakka hófst með heimildavinnu. Vinna hófst að gerð áfangaskýrslna vegna þeirra jarða sveitarfélagsins sem búið er að skrá að fullu.

**Umhverfismat vegna nýs vegastæðis um Hornafjörð.** Í byrjun júní fóru Edda Linn Rise og Margrétt Hallmundsdóttir ásamt fornleifafræðingum frá



Fornleifauppgröftur í Koti á Rangárvöllum.

Byggðasafni Skagfirðinga austur á Hornafjörð þar sem unnin var fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum að beiðni Vegagerðar ríkisins.

**Fornleifarannsókn í landi Kots á Rangárvöllum.** Í byrjun ágúst gerði safnið í samstarfi við Náttúrustofu Vestfjarða og Landgræðslu ríkisins, two prufuskurði í tóftir sem fundust höfðu í landi Kots í Rangárvallasýslu. Voru skurðirnir teknir í tóft og tungarð. Fyrstu niðurstöður benda til þess að þarna sé um óþekktan landnámsbæ að ræða sem líklega fór í eyði um 1300. Margrét Hallmundsdóttir og Edda Linn Rise tóku þátt í uppgreftinum en stjórnandi hennar er Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur hjá Náttúrustofu Vestfjarða. Landgræðsla ríkisins kostaði uppröftinn. Áformað er að sækja um styrki til að halda rannsóknum áfram árið 2007.

**Fornleifakönnun vegna framkvæmda á Bíldudal og á Patreksfirði.** Margrét Hallmundsdóttir fór ásamt Guðrún Þráinsdóttur fornleifafræðinema til Vestfjarða í september og skráðu þar two skipulagsreiti fyrir Vesturbyggð. Samstarfsaðili var Náttúrustofa Vestfjarða.

**Deiliskipulagsverkefni.** Byggðasafn Árnesinga tók að sér tilfallandi fornleifikannanir fyrir framkvæmdaaðila. Sjö rannsóknarskýrslur voru gefnar út í tengslum við deiliskipulagsgerð, auk þátttöku í einni með öðru safni.

#### Rannsóknarskýrslur 2006:

2006/1: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Gráhellu á Selfossi.*

Höf. Edda Linn Rise, Kristín Erla Þráinsdóttir. Unnið í maí, verkbeiðandi Smíðandi ehf.

2006/2: *Fornleifakönnun vegna framkvæmda á Bíldudal og á Patreksfirði.*

Höf. Margrét Hallmundsdóttir, Guðrún Þráinsdóttir. Skýrslan unnin í september í samvinnu við Náttúrustofu Vestfjarða fyrir verkbeiðanda sveitarfélagið Vesturbyggð.

2006/3: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Árbakka, Rangárþingi ytra, Rangárvöllum.* Höf. Margrét Hallmundsdóttir, Edda Linn Rise, Guðrún Þráinsdóttir. Unnið í september 2006 fyrir verkbeiðanda Hestvit ehf.

2006/4: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Byggðarhorns.*

Höf. Margrét Hallmundsdóttir, Kristín Erla Þráinsdóttir, Guðlaug Vilbogadóttir. Unnið í október 2006 fyrir verkbeiðanda Rauðholt ehf.

2006/5: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Bitru í Hraungerðishreppi.*

Höf. Margrét Hallmundsdóttir, Guðrún Þráinsdóttir. Unnið í október fyrir verkbeiðanda Baldur Bjarnason.

2006/6: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Fossness í Árborg.* Höf.


Magrét Hallmundsdóttir, Edda Linn Rise. Unnið í september fyrir verkbeiðanda Sveitarfélagið Árborg, framkvæmdasvið.

2006/7: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Hellis í Árborg, Fossnes 16-18.*

Höf. Margrét Hallmundsdóttir. Unnið í desember fyrir verkbeiðanda Arkís ehf fyrir hönd framkvæmdaaðila.

Fornleifafræðingar Byggðasafns Árnesinga voru meðhöfundar að einni rannsóknarskýrslu Byggðasafns Skagafjarðar 2006/53: *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfiáhrifum vegagerðar við Hornafjarðarfljót.* Höf. Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga, Edda Linn Rise, Margrét Hallmundsdóttir.

Skýrsla gefin út í september fyrir verkbeiðanda Vegagerð ríkisins.



**Leonardo-styrkur.** Að lokum skal þess getið að í árþyrjun sótti Margrét Hallmundsdóttir fyrir hönd safnsins um styrk í Leonardo-verkefnasjóð Evrópusambandsins í samstarfi við fimm aðrar evrópskar rannsóknarstofnanir og söfn. Verkefnið sem sótt var um ber heitið „Unlocking hidden heritage“, og miðar að því að efla menningu og möguleika í litlum samfélögum. Í lok ársins var styrkumsóknin samþykkt í Brussel. Mun Byggðasafn Árnesinga taka þátt í verkefninu næstu tvö árin ásamt stofnunum í Englandi, Þýskalandi, Írlandi, Slovákiu og Kýpur. Margrét Hallmundsdóttir hefur umsjón með verkefninu fyrir hönd Byggðasafns Árnesinga. Samstarfsaðili safnsins hér á landi verður sjálfseignarstofnunin Íslenski bærinn í Austur-Meðalholtum í Flóa og fleiri. Styrkupphæð í verkefnið í heild er 34 milljónir króna og er áætlaður hluti Byggðasafns Árnesinga 4,5 milljónir króna. Upphæð þessi nær yfir allan útagðan kostnað hér á landi við verkefnið svo að það mun ekki hafa áhrif á rekstur og starfsáætlunar safnsins, þó að það muni auka umfang safnsins, orðstý, veltu og styrk.

## Sýningar og önnur miðlun

Miðlun á safnkosti er stór þáttur í starfsemi Byggðasafns Árnesinga. Sem áður var Húsið og sýningar þar ásamt Sjóminjasafninu miðdepill miðlunar á árinu. Langstærstur hluti sýningaráymis er helgaður grunnsýningum sem breytast lítið milli ára og eru etv. yfirfarnar á fimm til tíu ára fresti. Svo hefur einnig verið um grunnsýningar Byggðasafns Árnesinga og var á árinu hafist handa um endurbætur á sýningu í bláu stofu Hússins þar sem sögð er saga Hússins. Einnig var gínan í sýningardeildinni *Veröld kvenna*, klædd upp að nýju. Sá Oddný Kristjánsdóttir búningahönnuður um það verk.

Í borðstofu Hússins á Eyrarbakka hefur verið fjölbreytt sýningahald frá upphafi veru starfsemi Byggðasafns Árnesinga þar. Ýmist er um að ræða sýningar á munum úr safneign eða á aðfengnum sýningagripum hvort sem um hefur verið að ræða ljósmyndir, listaverk eða þrívíða muni. Borðstofan hefur einnig komið að góðum notum fyrir fyrirlestra- og veisluhald. Stássstofan hefur einnig verið nýtt til ýmissa viðburða, einkum tónlistarflutnings.

**Vorsýningin Frá fjölnýtingu til kaupgleði.** Um páskana var opnuð sýningin *Frá fjölnýtingu til kaupgleði*. Mátti þar sjá íslenskan veruleika frá miðri 19. öld til nútímans og þróun ýmissa nytjahluta. Sýndir voru gripir sem einkenndu árin 1856, 1906, 1956 og 2006. Um miðja 19. öld voru heimasmíðaðir gripir fjölnýttir. Eftir aldamótin 1900 fór tæknin að ryðja sér til rúms og dönsk áhrif voru glögg. Eftir miðja 20. öld verða erlend áhrif ríkjandi og íslensk séreinkenni að hverfa. Meðfylgjandi ljósmynd er hluti af uppstillingu ársins 1956. Kristín Erla Þráinsdóttir vann hugmynd að sýningunni, hún og Hildur Hákonardóttir aðstoðuðu safnstjóra við uppsetningu.



**Vor í Árborg.** Byggðasafn Árnesinga tók þátt í menningarhátiðinni Vor í Árborg. Á menningarhátiðinni voru opnaðar tvær sýningar í safninu og haldnir einir tónleikar, auk þess sem garðurinn og kirkjutorgið voru opin fyrir menningarlega starfsemi. Gífurlegur fjöldi kom á laugardeginum 20. maí.

**Einfarar í íslenskri myndlist.** Á menningarhátiðinni Vor í Árborg var í borðstofu opnuð sýningin *Einfarar í íslenskri myndlist*. Þar gat að líta einstök listaverk í eigu Áslaugar og Jóns Hákonar í

Skúmsstaða-Norðurkoti á Eyrarbakka. Sýningin stóð út ágústmánuð. Í frétt um sýninguna segir:

„Hjónin Áslaug G. Harðardóttir og Jón Hákon

Magnússon, sem eiga sitt annað heimili í Norðurkoti á Eyrarbakka, hafa alla tíð haft áhuga og ánægju af myndlist. Um langt árabil hafa þau m.a. safnað listaverkum eftir einfara (naivista) og eiga nú eitt af stærri einkasöfnum á þessu listsviði.

Jón Hákon hefur frá barnæsku verið áhugasamur um frumbyggjalist sem leitt hefur til mikins áhuga á einfarylalist. Þau hjón eiga verk eftir rúman tug íslenskra einfara og er þetta í fyrsta sinn sem stór hluti safnsins kemur fyrir augu fólks.

Einkenni einfara í listum er að þeir byrja seint á listabraudinni, hafa aldrei lært myndlist, sjá oft heiminn með augum barnsins og sækja flestar hugmyndir sínar inní bernskuminningar úr sveitinni.“ Á sýningunni mátti sjá einstakt úrval næfistaverka í eigu þeirra hjóna, eftir marga kunnustu næfista Íslendinga, má í þeim hópi nefna Ísleif Konráðsson, Sigurlaugu Jónasdóttur, Þórð frá Dagverðará, Stórválf og Kötú saumakonu.

**Útvarp Eyrarbakki.** Á menningarhátiðinni Vor í Árborg sá Friðrik Erlingsson í Mörk um dagskrána „Útvarp Eyrarbakki 1900“ í stássstofu Hússins, þar sem menningin á Eyrarbakka fyrir öld síðan var kynnt í tali, söng og tónum. Ásgerður Júníusdóttir í Inghól söng en við píanóið gamla sat Örlygur Benediktsson í Brennu.

**Fornleifastaðir.** Í forstofu Sjóminjasafnsins var opnuð sýningin *Fornleifastaðir*. Sjá nánar í kaflanum um Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

**Jónsmessan.** Á Jónsmessuhátiðinni á Eyrarbakka voru fjölmög dagskráratriði. Í Húsinu var boðið upp á kaffiveitingar og gengu um beina konur í peysufötum. Um kvöldið fylltist stássstofan af söngelsku fólk sem söng úr fjárlögunum undir píanóleik Heimis Guðmundssonar fyrrum íbúa á Garði.

**Íslenski safnadagurinn.** Sú hefð hefur skapast að bjóða upp á þjóðlega tónlistardagskrá í stássstofu Hússins á Eyrarbakka á Íslenska safnadaginn sem



Ísleifur Konráðsson: Fuglabjargið. Málverk í eigu Jóns Hákonar Magnússonar og Áslaugar G. Harðardóttur.



Frá Jónsmessuhátiðinni á Eyrarbakka. Jónína Kjartansdóttir, Sigríður Óskarsdóttir, Guðbjört Einarsdóttir, Ragnheiður Óskarsdóttir, Auður Hjálmarsdóttir og Margrét Steinunn Kristinsdóttir undir Húsvegg.

ber árlega upp á annan sunnudaginn í júlí. Ekki var brugðið út af þeim góða vana í ár og sá Heiðmar Ingi Jónsson um dagskrána, eins og hann hefur gert um langt áabil. Meðal gesta hans sem aðstoðuðu við dagskrána má nefna Margréti Jónsdóttur á Syðra-Velli, Þýrí Axelsdóttir í Laugardælum og Sigurð Sigurðarson dýralækni á Keldum. Auk þessarar dagskrár bauð Sjóminjasafnið upp á sögugöngu.

**Vesturbúðin.** Um haustið var ljósmyndasýningin *Vesturbúðin* sett upp í borðstofu Hússins. Á sýningunni voru margvíslegar ljósmyndir af Vesturbúðinni frá ýmsum sjónarhornum. „Það er líklegt, að hvergi hafi verzlunarhús hér á landi verið betri né meiri en á Eyrarbakka,” segir Jón J. Aðils um Vesturbúðina á Eyrarbakka í riti sínu um verslun Dana á Íslandi, en nú er þar aðeins grasflötin ein. Sýningin var sett upp í tengslum við málstofu um Vesturbúðina sem fyrirhugað er að halda á Eyrarbakka.

**Fræðslufundur Sögufélags Árnesinga** í samstarfi við Byggðasafn Árnesinga var haldinn í Húsinu á Eyrarbakka fimmtudagskvöldið 16. nóvember. Pétur Eiríksson sagnfræðingur flutti fyrirlestur sem nefndist: *Frá Holtsetalandi í heyskapinn; um ráðningu þýks landbúnaðarverkafólks í Árnessýslu af Búnaðarfélagi Íslands árið 1949.* Fjallað var um hóp verkafólks sem kom hingað til Íslands árið 1949, þar af var nærrí fjórðungur hópsins karlkyns. Fjölmargir úr þessum hópi settust að á Íslandi til frambúðar og lögðu stóran skerf til íslenskrar menningar. Georg Franzson í Laugarási var einn þeirra og sagði hann frá reynslu sinni og upplifun af landi og þjóð.

**Jólasýning.** Jólasýning var sett upp í safninu með hefðbundnu sniði og með gamla spýtuþolatrénu í Hruna og síðar Oddgeirshólum í öndvegi. Á sýningunni staðfesti gestur einn, Ester Steindórsdóttir Gíslasonar uppruna jólatrés frá Laugardælakirkju. Það fannst þar áður en kirkjan var rifin 1956 og látið á safnið án þess að frekar væri kannað um uppruna þess. Staðfesti Ester tilgátu safnstjóra um að afi sinn Gísli Brynjólfsson bóndi í Haugi hafi smíðað tréð fyrir Dag Brynjúlfsson þá bónda í Gaulverjabæ en síðar búsettan á Selfossi þar sem hann var sóknarnefndformaður við Laugardælakirkju áður en Selfosskirkja reis.

**Jólabókamessa.** Friðrik Erlingsson hafði umsjón með jólabókamessu í borðstofu Hússins sunnudaginn fyrsta í aðventu. Rithöfundarnir Ævar Örn Jósefsson, Bragi Ólafsson og Helgi Guðmundsson lásu úr nýútkomnum verkum sínum og Silja Aðalsteinsdóttir las úr þýðingu sinni.

**Ljósmyndasýning í Strassburg.** Á vegum IAMI DEFIS menningarfélags Íslands og Frakklands sendi Sjóminjasafnið sjö ljósmyndir á sýningu í Strassburg.



Heiðmar við gamla hljóðfærið á safnaðegi 2006.



## Sjóminjasafnið á Eyrarbakka

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka hefur frá 1. mars 2001 verið rekið af Byggðasafni Árnesinga samkvæmt þjónustusamningi sem upphaflega gilti til ársloka 2002 en hefur með framlagningu og samþykkt fjárhagsáætlanan Bæjarstjórnar Árborgar og Héraðsnefndar Árnesinga verið framlengdur frá ári til árs.

Eins og fram hefur komið í kaflanum um viðgerðir og viðhald þá var lögð áhersla á aðgerðir til að auka á öryggi safnmunu á sýningum safnsins. Um var að ræða tvennskonar aðgerðir, að setja forhitunarkerfi í miðstöðvarkerfi safnsins og hinsvegar að skipta um útidyr. Hófst vinna við bæði þessi viðhaldsverkefni í desember og lauk í byrjun árs 2007.

Mundakotsskemma að Þykkvaflöt 2 hýsir stærri gripi beggja safnanna á Eyrarbakka. Um langt árabil hefur staðið til að klæða að nýju að utan langhliðar skemmunnar. Ekki varð að því á árinu.

Beitningaskúrinn við Óðinshús var byggður 1925 af Jóhanni Loftssyni og Jóni Jakobssyni. Hann var gefinn Sjóminjasafninu á Eyrarbakka af Bjarna Jóhannssyni um 1990 og gerður upp af Jóni Karli Ragnarssyni trésmíðameistara árin 1990 til 1992. Allsérstæð bátsklæðning er á vesturhlið skúrsins sem sést vel frá Eyrargötunni. Til eru áætanir um að opna Beitningaskúrinn og er því mikilvægt að vel sé vandað til umhverfis Beitningaskúrsins.

Til Sjóminjasafnsins bárust gripir úr Hraðfrystihúsini á Eyrarbakka og frá Vigfúsi Markússyni skipstjóra. Eigendur Einarshafnar ehf gáfu safninu gamla harðfiskspressu. Og úr dánarbúi Karls Ársælssonar frá Borg í Hraunshverfi kom peningaskápur úr Eyrarbakka-apóteki.

Ógetið er einnar líttill ljósmyndasýning sem haldin var á vegum IAMI DEFIS menningarfélags í Strassburg að frumkvæði Catherine Ulrich forseta þess. Sjóminjasafnið sendi þangað sjö valdar eftirtökur ljósmynda úr safneign sinni er sýna fólk að störfum á Eyrarbakka.

Í forsíðu Sjóminjasafnsins var opnuð ljósmyndasýningin *Fornleifastaðir - gömul örnefni á Eyrarbakka*. Á sýningunni var skyggnt inn í sögu Eyrarbakka og nokkur þekkt örnefni og fornmannvirki skoðuð úr linsu nútímaljósmyndara. Á sýningunni mátti meðal annars líta ljósmyndir sem sýndu ýmsar mannvistarleifar sem tengjast verslunarsögu Eyrarbakka og sömuleiðis rústir nokkura eyðibýla sem fyrrum voru heimili heldra fólks og almúga. Einnig samgöngumannvirki af ýmsu tagi. Linda Ásdísardóttir hefur verið búsett á Eyrarbakka síðustu tíu árin. Þetta var hennar þriðja ljósmyndasýning þar sem viðfangsefnið er samtíminn með tilvísunum til sögu Eyrarbakka.

Á safnadaginn 9. júlí bauð Sjóminjasafnið upp á sögugöngu um Eyrarbakka undir leiðsögn Magnúsar Karels Hannessonar fyrrv. oddvita. Einnig var á safnadaginn opin gætt í Mundakotsskemmu.

Á farskóla safna og safnamanna á Egilstöðum var sameining, samvinna og samstarf safna í deiglunni. Sat safnstjóri í vinnuhóp um sameiginleg málefni Sjóminjasafna.

Pann 1. október gerðist Sjóminjasafnið á Eyrarbakka einn af stofnaðilum Sambands íslenskra sjóminjasafna. Markmið SÍS er að vera sameiginlegur vettvangur sjóminjasafna um sín mál, einkum á sviði söfnunarstefnu,



Ljósmynd eftir Lindu Ásdísardóttur. Skúli Steinsson á Álfstétt, fornum vegin við Eyrarbakka.

kynningarmála og erlendra samskipta. Fyrsta verkefnið sem SÍS vinnur að er hönnun og útgáfa á íslensku sjóminjakorti.

Um annað starf Sjóminjasafnsins þykir ástæða til að nefna að töluberður tími safnstjóra fór í allskonar umsýslu ljósmynda Sjóminjasafnsins vegna útlána og viðbótarskráningar.

**Puríðarbúð** hefur einnig verið hluti af Sjóminjasafninu – og Byggðasafni Árnesinga reyndar líka. Gripir Puríðarbúðar sem flestir fóru á flot í flóðinu mikla 1990 voru skráðir árið 1991 og eru varðveittir í öruggum geymslugum safnsins þar sem öryggi þeirra í sjóbúðinni sjálfri telst ekki fullnægjandi.



## Rjómabúið á Baugsstöðum

Byggðasafn Árnesinga er þriðjungs eignaraðili að Rjómabúinu á Baugsstöðum. Það er 50% eigandi að rjómaskálanum á móti Búnaðarsambandi Suðurlands. Þau ánægjulegu boð bárust frá Menntamálaráðherra í júlí þess efnis að byggingin Rjómabúið á Baugsstöðum hafi verið friðlýst samkvæmt lögum – sökum menningarsögulegs gildis.

Annars var helsta verkefni ársins endurgerð hjólsins sem brotnaði haustið 2005. Þeir bræður Guðmundur og Gísli Kristjánssynir á Eyrarbakka unnu það vandasama verk.



## Bátasetur í Þorlákshöfn

Um nokkurra ára skeið hefur sveitarstjóri og nú jafnframt oddviti Ölfus Ólafur Áki Ragnarsson alið með sér hugmyndir um bátasetur í Þorlákshöfn þar sem bátasafn Þjóðminjasafns Íslands yrði stofninn. Í október sóttu safnstjóri og stjórnarformaður Byggðasafns Árnesinga fund með forsvarsmönnum sveitarfélagsins ásamt þjóðminjavverði og fulltrúa Menntamálaráðuneytisins til að ræða hugmyndir um bátasafn eða bátasetur í Þorlákshöfn. Vilji Þjóðminjasafns og Menntamálaráðuneytisins er sá að ef þessum hugmyndum yrði fleytt í framkvæmd myndi Byggðasafn Árnesinga stofna deild við safnið „bátadeild“, gera samning við Þjóðminjasafnið um langtímalán á bátunum og jafnframt gera samning við sveitarfélagið Ölfus um húsnæði og rekstrarframlag.



## Samskipti við önnur söfn, setur og sýningar Minjasafnið í Gröf. Litlu þokar í málefnum

Minjasafnsins í Gröf. Fyrir haustfund Héraðsnefndar Árnesinga var lagt fram bréf frá áhugahópi um uppbyggingu Minjasafnsins þar sem óskað var eftir beinni þátttöku í uppbyggingu safnsins. Tekið var vel

Hannes Lárusson í Austur-Meðalholtum hleður snidduvegg. Sjálfseignastofnunin Íslenski bærinn í Austur-Meðalholtum hefur það að markmiði að viðhalda, kymna og gefa heilsteypa mynd af þróun íslenska torfbæjarins frá upphafi fram á okkar tíma.

í erindið en án fjárskuldbindingar að sinni. Áfram verður fjallað um málefni safnsins á vettvangi Byggðasafns Árnesinga og Héraðsnefndar Árnesinga.

**Tónminjasetur Íslands ses.** Innan veggja Byggðasafns Árnesinga var áfram haldið að skrá Safn Páls Ísólfssonar. Sá María Kristín Ingvarsdóttir um það verk fyrir tilstuðlan Tónminjaseturs Íslands ses með fjárhagslegri aðstoð Atvinnutryggingasjóðs. Um mitt ár var því verki nær lokið. Í kjölfarið var sett upp ljósmyndasýning í Hólmaröst á Stokkseyri þar sem æviferill tónskálðsins var rakinn í myndum. Um haustið hitti safnstjóri þær systur Þuríði og Önnu Sigriði Pálsdætur og var handsalað samkomulag um formlega afhendingu safns PÍ til Byggðasafns Árnesinga þó með þeirri eðlilegu kvöð að ef kæmi til stofnunar höfuðsafns í tónminjum eða tónlist myndi safnið afhendast þangað.

**Hvernig var sniddan stungin?** Safnið aðstoðaði Íslenska bæinn í Austur-Meðalholtum við að hrinda af stokkum sýnikennslu í sniddugerð í október. Kallað var til kunnáttumanna á sviði sniddugerðar og skráð með hljóð- og myndbandsuptökum gömul vinnubrögð við gerð snidduveggja. Ýmis önnur samskipti átti Byggðasafn Árnesinga við hin og þessi söfn, sýningar og setur um sameiginleg málefni. Sem áður veitti Þjóðminjasafn Íslands margvíslega sérfræðiaðstoð þegar þess var þörf.

## Fundir, námskeið og ráðstefnur

Í mars sótti safnstjóri ásamt Kristínu Erlu Práinsdóttur fund um framtíð gagnagrunnsins Sarps. Fyrirhuguð er frekari þróun gagnagrunnsins og er fast sótt að aðstandendum hans að gera hann aðgengilegri til skráningar og opinn almenningi.

Safnstjóri sat námskeiðið *Varðveisla menningarminja: Fyrirbyggjandi forvarsla á minjasöfnum* dagana 9. -10. mars. Námskeiðið var haldið af Endurmenntunarstofnun HÍ og FÍSOS.

Safnstjóri fór á norrænt námskeið í samtímarvarðveislu um borð í millilandaferjunni Norrænu í ágúst. Bar námskeiðið nafnið „*På ny kurs*“ – ferjereise og seminar. Námskeið þetta var mjög áhugavert. Á meðan söfn á Norðurlöndum og víðar í Evrópu eru á kafi í samtímarvarðveislu og samtímarannsóknum, - því að rannsaka, safna og miðla um samtímann,- eru íslenskir safnamenn flestir enn fastir í fortíðinni. Fáum dettur í hug að það sem er í dag gæti orðið að stekk næsta dag. Á námskeiðinu fengu nemendur færri á að gera samtímarannsókn á ferjunni sjálfri sem viðfangsefni. Athyglinni var beint að áhöfninni og var námskeiðshópnum skipt í sex vinnuhópa. Síðasti liður námskeiðsins, sem hófst í Björgvinjarhöfn í Noregi, var heimsókn á Eyrarbakka 19. ágúst eftir árangursríka siglingu frá Björgvin til Seyðisfjarðar og rútuferð um norðurhluta Íslands. Námskeiðið var kostað af Norrænu ráðherranefndinni. Dagana 16.-20. ágúst sat Margrét Hallmundsdóttir fornleifafræðingur alþjóðlega ráðstefnu í Háskólanum á Hólum í Hjaltadal og bar ráðstefnan nafnið *Project Hólarannsóknin and The Nordic Network of Cultural and Environmental history in Nordic Viking Age and Medieval Time*.

Besättningen på färjan Norröna					
Situation ↓ Position	Arbetstid	Fritid Socialt	Fritid Individuell	Äta	Hamn
Befäl					
Sjörman					
Service					
Maskin					
Analys:					

Frá ráðstefnunni um borð í Norrænu. Niðurstöður hóps 3 settar fram á graffiskan máta.

Safnstjóri tók þátt í athyglisverðri ráðstefnu á vegum alþjóðasamtaka safnamanna ICOM og ICR fagnefndar hennar um málefni byggðasafna á Árbæjarsafni í septemberbyrjun. Bar ráðstefnan nafnið *Museum and Sence of Place*. Rætt var um samvinnu og sameiningu safna um víðan heim og þátt byggðasafna við að efla staðarímynd svæða sem eiga í völk að verjast. Vettvangsferðir voru hluti ráðstefnunnar og komu erlendir þátttakendur hennar við á Eyrarbakka sunnudaginn 2. september og skoðuðu söfnin. Snæddu ráðstefnugestir hádegisverð í Rauða-húsinu í boði Byggðasafns Árnesinga og Minjasafns Reykjavíkur.

Safnstjóri fór ásamt Sigurði Pálssyni umsjónarmanni Rjómabúsins á Baugsstöðum á árlegan Farskóla safna og safnamanna sem haldinn var á Egilsstöðum dagana 26. til 29. september. Bar farskólinn yfirskriftina *Söfn í samfélagi – hlutverk og samstarf*. Auk fyrirlestra og umræðufunda voru söfn á Austurlandi mörg heimsótt.

Safnstjóri sat stofnfund Sambands íslenskra sjóminjasafna 1. október. Sjá nánar í kaflanum um Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

Dagana 19. og 20. október sat safnstjóri samráðsfund Safnaráðs um menntunarhlutverk safna.

Á árinu sat safnstjóri nokkra fundi með nefndum er heyra undir sveitarfélögum sem aðilar eru að Héraðsnefnd Árnesinga. Fóru þeir fundir gjarnan fram innan safnsins og starfsemin kynnt. Einig mætti safnstjóri á fundi Héraðsnefndar Árnesinga til að leggja á ráðin um starfsemina.



Starfsmenn safna á farskólabekk á Egilsstöðum.

## Kynningarmál

Á stjórnarfundi safnsins þann 6. júní var samþykkt að fela Friðriki Erlingssyni að hrinda í framkvæmd hugmyndum að nýju kynningarefni fyrir söfnin. Er í nýja kynningarefninu varpað ljósi á einstaka safnmuni innan safnanna í stað þess að kynna safnið sem heild án innihaldslýsingar áður. Gerðar verða fimm mismunandi auglýsingar bæði fyrir ljósvakamiðla og prentmiðla og einnig nýr bæklingur sem leysa mun af hólmi bækling sem upphaflega var prentaður 1996. Ingibjörg Hanna Bjarnadóttir grafískur hönnuður hannaði auglýsingarnar og sömuleiðis nýtt logo fyrir safnið.

Við val á þeim gripum sem valdir voru til að hafa í auglýsingum var leitað álíts starfsmanna sem völdu athyglisverðstu safnmunina og sömuleiðis hvað gestir hefðu mestan áhuga á að ræða við starfsfólk. Vinsælustu gripir safnsins urðu:

Húsið, píánóið, sjal úr mannshári, áttæringurinn Farsæll og Gullfoss-bollastellið.

Í árslok var búið að hanna tvær auglýsingar af fimm, auk einnar á ensku.

**TEN THOUSAND FINGERS**



More than ten thousand fingers have played beautiful music on this piano, since it arrived in Eyrarbakki village in 1871. It was brought across the Atlantic on a large merchantman, then hauled into a small fishing boat and rowed ashore, where four strong men carried it into the village in a terrible rainstorm. But you can touch it now in the Húsið museum in Eyrarbakki.

**HÚSIÐ Á EYRARBAKKA**  
The Southeast Museum

Tel: +354-4831504 | [www.husid.com](http://www.husid.com)

June-August: 11.00 -17.00  
Sept-May: 14.00 -17.00 Sat-Sun,  
or by arrangement

## Helstu tölur úr ársreikningi 2006

### Rekstrartekjur

Héraðsnefnd Árnesinga framlag	14.500.000
Sveitarfélagið Árborg, framl. /sjóminjas.	3.200.000
Ríkissjóður, framlag.....	2.400.000
Aðgangseyrir og ýmsar tekjur .....	799.704
Tekjur vegna fornleifaskráningar .....	7.079.090
Styrkir og önnur framlög .....	710.000
	<hr/>
	28.688.794


### Rekstrargjöld

Laun og launatengd gjöld .....	11.041.714
Annar rekstrarkostnaður .....	6.685.737
Kostnaður vegna fornleifaskráningar .	7.358.771
	<hr/>
	25.086.222

Vextir og verðbætur .....	(2.954.166)
Hagnaður .....	648.406

Húsínu, 19. mars 2007,

Lýður Pálsson  
safnstjóri.



Ljósmynd úr gamalli gestabók úr Húsínu sem gefin var safninu á árinu 2006. Ljósmyndin er tekin árið 1908 og var þá gefin út sem póstkort.

Á forsiðu árskýrlunnar er ljósmynd sem talið er að Halldór og Ragnhildur í Háteigi hafi gefið Aldísi Pálsdóttur í Litlu-Sandvík, ömmu safnstjóra, á 6. áratug síðustu aldar.

Ljósmyndir í árskýrlunni voru teknar af starfsmönnum safnsins nema annað sé tekið fram í myndatexta.

## Árnessýsla Folk Museum - Annual Report 2006 (Abstract)

This annual report deals with the activities of the Árnessýsla Folk Museum and the Maritime Museum at Eyrarbakki in 2006.

The Árnessýsla Folk Museum is owned and run by the Árnessýsla Regional Board, a joint body of local authorities in Árnessýsla which operates a number of museums etc. The Museum opened in 1964 in Selfoss, and re-opened in 1995 in Húsið at Eyrarbakki. The Eyrarbakki Maritime Museum, which opened in 1987, is owned by the community of Árborg, but has been run by the Árnessýsla Folk Museum since 2001.

The Árnessýsla Folk Museum's exhibition facilities are in Húsið (The House) at Eyrarbakki, one of Iceland's oldest buildings. Built in 1765, it was the home of merchants and employees of the Eyrarbakki merchant company until 1926, and was nationally renowned as a centre of cultural activity. Great emphasis is placed on this history; exhibitions in the House focus on various aspects of local history, and especially the role of Eyrarbakki as a trading centre.

The Maritime Museum is located a short distance east of the House. Its most important exhibit is the fishing-boat *Farsaell*, built at Eyrarbakki in the early 20th century, as the age of fishing from rowing-boats drew to a close. The Maritime Museum exhibition focuses on the history of the rowing-boat fishery and various aspects of local cultural history.

The Museum's other facilities are at Hafnarbrú 3, Eyrarbakki, in a 420m<sup>2</sup> building constructed for the museums in 2002. This houses the museum offices, conservation facilities and storage.

The activities of the Árnessýsla Folk Museum were vigorous in 2006. Research is carried out at the Museum on the objects in the Museum's collection, and everything related to the origins of such objects. During 2006, the process of transferring the Museum's acquisitions records into the National Museum database, *Sarpur*, was completed. This process commenced in 2003. In 2006 the museums registered 69 new acquisitions and 132 photographs.

At year-end 2006, the *Sarpur* database included 5,263 objects at the Árnessýsla Folk Museum and the Eyrarbakki Maritime Museum. The photographic catalogue of *Sarpur* included 5,406 photographs at the museums.

Exhibitions during 2006 included five short-term exhibitions. The dining room of the House serves as an exhibition gallery for short-term exhibitions, while a wall in the vestibule of the Maritime Museum is also used for short-term exhibitions.



The first exhibition of 2006 was *Frá fjölnýtingu til kaupgleði* (From Thrift to Extravagance): exhibits from different periods were shown in the Dining Room of the House, the most recent of them from 2006.

The summer exhibition in the Dining Room was *Einfarar í íslenskri myndlist*, which opened on 20 May. The exhibition comprised works by many Icelandic naive artists, which were loaned by Jón Hákon Magnússon and his wife Áslaug Harðardóttir, who have a second home at Eyrarbakki.

The vestibule of the Maritime Museum housed an exhibition of photographs of various historic sites in Eyrarbakki by Linda Ásdísardóttir.

The autumn exhibition in the Dining Room was a photographic exhibition, *Vesturbúðin*, a collection of photographs of the old buildings of the Eyrarbakki merchants, sadly demolished in 1950. The oldest are believed to have dated from about 1755.



The Museum also participated in various events and programmes. For the Árborg Spring Festival, *Vor í Árborg*, the Museum opened new exhibitions and held a musical programme, while folk dancers performed in the garden of the House. The Museum also took part in the Midsummer Day festival at Eyrarbakki, and Icelandic Museums Day, on the second Sunday in July. The Museum holds a Christmas exhibition each year, which includes the oldest extant Christmas tree in Iceland, made in 1873.

In 2004 the Árnessýsla Folk Museum undertook cataloguing of heritage sites in the region, and this activity has grown from year to year. Heritage sites were catalogued on farms in the community of Árborg; in addition a number of sites were catalogued in connection with prospective development projects. The Museum was also involved, along with other bodies, in archaeological excavation on a deserted farm site at the foot of the Mt. Hekla volcano. At the end of the year the Museum was invited to participate in a *Leonardo* project.

The museums were open at weekends in April, May, September and October, and daily in June July and August from 11 am to 5 pm. They are open at other times by arrangement.

In 2006, visitors to the museums numbered 4,900, one quarter of whom were from abroad.

Director of the Museum is historian Lýður Pálsson.

Archaeologist Margrét Hallmundsdóttir is also employed full-time at the Museum.

A total of nine people are on the payroll, most part-time.

Turnover of the museums in 2006 totalled ISK 28.6 million.